

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Málsnr.: ~~2003020~~ 2003020
Dalabyggð Málaskrá Dalabyggð Málaskrá
17. APR. 2020 21. APR. 2020
Bréfalykill: ~~13.01.02~~ 13.01.02

Mál nr. 10388/2020

Reykjavík, 17. apríl 2020

Dalabyggð
Kristján Sturluson, sveitarstjóri
Miðbraut 11
370 Búðardal

Það tilkynnist hér með að ég hef lokið máli Jakobs K. Kristjáns-
sonar með bréfi því sem hér fylgir í ljósriti.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Málsnr.: 2003020
Dalabyggð Málaskrá Dalabyggð Málaskrá
17. APR. 2020 21. APR. 2020
Bréfalykill: B.01.02
Mál nr. 10388/2020

LJÓSRIT

Reykjavík, 17. apríl 2020

Jakob K. Kristjánsson
Sólheimum 23
104 Reykjavík

Ég vísa til kvörtunar yðar til mín, dags. 28. janúar sl., vegna afgreiðslu sveitarstjórnar Dalabyggðar á umsókn yðar um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á jörðinni Hóli í Hvammsveit, en m.a. kom fram að málinu hefði verið frestað þar til mótuð hefði verið stefna hjá sveitarfélaginu varðandi notkun á landi tengdu landbúnaði samfara nýju aðalskipulagi.

Í tilefni af kvörtun yðar var Dalabyggð ritað bréf, dags. 12. mars sl., þar sem óskað var eftir tilteknum upplýsingum og skýringum, m.a. um hvort umsókn yðar væri enn óafgreidd hjá sveitarfélaginu. Mér hefur nú borist svarbréf sveitarfélagsins, dags. 15. apríl sl., þar sem fram kemur að umsókn yðar hafi hlotið afgreiðslu á fundi sveitarstjórnar 5. mars sl., og verið samþykkt með tilteknum fyrirvörum, auk þess sem nánari skýringar eru veittar á afgreiðslu málsins. Afrit af svarbréfinu fylgir hjálagt.

Í ljósi framangreinds tel ég ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tilefni af kvörtun yðar og lét meðferð minni á málinu lokið með vísan til a-liðar 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson